

Akureyrarbær
Geislagötu 9
600 Akureyri

Reykjavík 15. nóvember 2018
UST201810-292/A.B.
10.04.03

Efni: Breyting - Deiliskipulag - Akureyrarflugvöllur

Vísað er til erindis verkefnastjóra skipulagssviðs Akureyrarbæjar er barst 31. október sl. þar sem óskað er umsagnar Umhverfisstofnunar um tillögu að deiliskipulagsbreytingu fyrir Akureyrarflugvöll hjá Akureyrarbæ.

Í greinargerð kemur fram að breytingin sem hér um ræðir nær til breytingar á legu girðingar og legu reið- og gönguleiðar vegna uppsetningar á aðflugsbúnaði við flugbrautina.

Það kemur ekki fram í greinargerð hvaða forsendur liggja fyrir breytingu á legu girðingar og gönguleiðar og hver þörfin er á að færa girðingu og gönguleiðir þó svo að aðflugsbúnaðurinn er settur upp.

Girðingar

Samkvæmt tillögunni liggur fyrirhuguð girðing samkvæmt uppdrætti út í Eyjarfjarðará. Umhverfisstofnun bendir á að samkvæmt 26. gr laga nr. 60/2013 um náttúruvernd er óheimilt að setja niður girðingu á vatns-, ár- eða sjávarbakka þannig að hindri umferð gangandi manna líkt og tillagan gerir ráð fyrir, en þar segir:

Óheimilt er að setja niður girðingu á vatns-, ár- eða sjávarbakka þannig að hindri umferð gangandi manna. Ef mannvirki hindrar för um bakka skal sem kostur er séð fyrir göngustíg kringum mannvirkið og að bakkanum aftur. Þegar girða þarf yfir forna þjóðleið eða skipulagðan göngu-, hjólreiða- eða reiðstíg skal sá sem girðir hafa þar hlið á girðingu. Heimilt er að hafa göngustiga í stað hliðs þegar girt er yfir skipulagðan göngustíg.

Umhverfisþættir og sérstök vernd

Umhverfisstofnun bendir á að svæðið sem tillagan nær til er á náttúru-minjaskrá og nefnist Hólmarnir og því mikilvægt að taka tillit til þessa í tillögunni og á framkvæmdatíma. Svæðið er númer 510 sem aðrar náttúru-minjar og er lýst á þann veg í náttúru-minjaskrá: *Óshólmum Eyjafjarðarár ásamt fjörum og flæðimýrum beggja vegna árinna suður á*

móts við suðurodda Staðareyjar. Marflöt flæðilönd, árhólmar, kvíslar og leirur. Mikið fuglalíf, sérstætt gróðurfar.

Eins og segir í náttúruminjaskrá þá eru flæðimýrar beggja vegna árinna og eru þær verndaðar samkvæmt a. lið 1. mgr. 61. gr. laga nr. 60/2013 um sérstaka vernd.

Þetta kemur ekki fram í tillögunni og þá er þar ekki fjallað um aðra mögulega valkosti við val á gönguleið eða ástæður þess að umrædd gönguleið varð fyrir valinu.

Það athugast að í 3. mgr. 61. gr. er kveðið afdráttarlaust á um það hvað vernd skv. 1. mgr. og 2. mgr. ákvæðisins felur í sér og er þar mælt fyrir um bann við röskun þeirra náttúruyfyrirbæra sem undir greinina falla, nema brýna nauðsyn beri til og ljóst að aðrir kostir séu ekki fyrir hendi. Með orðalaginu „brýn nauðsyn“ er lögð áhersla á að einungis mjög ríkir hagsmunir geti réttlætt röskun og þá fyrst og fremst brýnir almannahagsmunir.

Í tillögunni er ekki sýnt fram á að brýnir almannahagsmunir réttlæti röskun á flæðimýrum, sem nýtur sérstakrar verndar í skilningi náttúruverndarlaga.

Umhverfisstofnun lítur ennfremur svo á að umsögn þessi uppfylli ekki umsagnarskyldu skv. 2. mgr. 68. gr., sbr. 3. mgr. 61. gr. hvað varðar röskun á svæðum sem falla undir sérstaka vernd og áskilur sér rétt til umsagnar áður en veitt er leyfi vegna framkvæmda sem kunna að raska vistkerfum og jarðminjum sem taldar eru upp í 1. og 2. mgr. 61. gr. laganna.

Stofnunin bendir á að skylt er að afla framkvæmdaleyfis, eða eftir atvikum byggingarleyfis, vegna allra framkvæmda sem fela í sér röskun á svæðum sem njóta sérstakrar verndar, sbr. skipulagslög og lög um mannvirki. Á þetta að tryggja að tekið sé til rækilegrar skoðunar hvort framangreint skilyrði sé uppfyllt. Við mat á leyfisumsókn ber að vega saman mikilvægi náttúruminjanna sem í húfi eru og hagsmuni af fyrirhugaðri framkvæmd. Við matið skal litið til verndarmarkmiða 2. gr. og 3. gr. laganna auk þess sem tekið skal mið af mikilvægi minjanna og sérstöðu í íslensku og alþjóðlegu samhengi, sbr. 3. og 4. mgr. 61. gr.

Auk þess kemur fram í náttúruminjaskrá að mikið fuglalíf er á svæðinu og telur Umhverfisstofnun mikilvægt að tryggja eigi m.t.t. til fuglalífs að framkvæmdin verði utan varptíma.


Bakkagróður

Samkvæmt 62. gr. laga nr. 60/2013 um náttúruvernd segir að við vatnsnýtingu og framkvæmdir í eða við vötn skal leitast við að viðhalda náttúrulegum bakkagróðri við ár og stöðuvötn og haga mannvirkjum og framkvæmdum þannig að sem minnst röskun verði á bökkum og næsta umhverfi vatnsins. Ekki kemur fram í greinargerð hvaða leiðir verða farnar á framkvæmdatíma til verndar bakkagróðri og mótvægisáðgerðir til að vernda umhverfi árbakkans


Göngustígar

Einnig kemur ekki fram í greinargerð hvaða efni verður notað í göngustíg og hvaða leiðir verða farnar til að almenningur komist yfir Eyjafjarðará.

Ekki er fjallað um hvað verður um aflagðan stíg eða eldri brú í greinarargerð deiliskipulagsbreytingarinnar og á uppdrætti.


Axel Benediktsson
Sérfræðingur

Virðingarfyllst


Kristín S. Jónsdóttir
Sérfræðingur